

AÐALFUNDUR ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2007, föstudaginn 8. júní var haldinn aðalfundur Orkuveitu Reykjavíkur vegna ársins 2006.

Fundurinn var haldinn að Bæjarhálsi 1, Reykjavík og hófst kl. 12:00.

Þessir sátu fundinn: Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson fyrir Reykjavík, Gunnar Sigurðsson fyrir Akranes, Páll S. Brynjarsson fyrir Borgarbyggð.

Einnig sátu fundinn Guðlaugur Þór Þórðarson, Haukur Leósson, Svandís Svavarsdóttir, Dagur B. Eggertsson og Björn Bjarki Þorsteinsson.

Einnig sátu fundinn forstjóri, aðstoðarforstjóri, framkvæmdastjóri fjármála og endurskoðandi Orkuveitu Reykjavíkur, Hólmgrímur Bjarnason.

Þetta gerðist:

Formaður lagði til að Guðmundur Þóroddsson yrði fundarstjóri og Hjörleifur B. Kvaran fundarritari.

Var það samþykkt.

1. Formaður stjórnar, Guðlaugur Þór Þórðarson, flutti skýrslu stjórnar.
2. Ársreikningur Orkuveitu Reykjavíkur fyrir liðið reikningsár ásamt skýrslu endurskoðanda fyrirtækisins lagður fram til staðfestingar.
Ársreikningurinn er áritaður af endurskoðanda og stjórn.
Ársreikningurinn borinn upp og samþykktur af fulltrúum eigenda.
3. Lögð fram svohjóðandi tillaga um arðgreiðslur:

Aðalfundur Orkuveitu Reykjavíkur haldinn þann 8. júní 2007 samþykkir að arðgreiðslur vegna síðastliðins árs verði 1.530 milljónir. Jafnframt er veitt heimild til að greitt verði upp í arðgreiðslur ársins 2007 á vormánuðum 2008.

Samþykkt.

4. Lögð fram svohjóðandi tillaga um þóknun stjórnarmanna:

Aðalfundur Orkuveitu Reykjavíkur haldinn þann 8. júní 2007 ákveður að stjórnarlaun ársins 2006 verði kr. 120.000.- á mánuði fyrir aðalman og tvöfalt fyrir formann. Einnig að heimilt verði að greiða kr. 125.000.- upp í stjórnarlaun næsta árs. Greiðslur til varamanna verði kr. 35.000.- á fund.

Samþykkt.

5. Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 5. júní sl. um kjör stjórnarmanna til eins árs:

Aðalmenn:

Haukur Leósson, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, Björn Ingi Hrafnsson, Dagur B. Eggertsson, Svandís Svavarsdóttir.

Varamenn:

Kjartan Magnússon, Björn Ársæll Pétursson, Þorlákur Traustason, Sigrún Elsa Smáradóttir, Margrét K. Sverrisdóttir.

Formaður var kjörinn Haukur Leósson.

Varaformaður var kjörinn Björn Ingi Hrafnsson.

Einnig lagt fram bréf Akraneskaupstaðar dags. 8. júní 2007 þar sem greint er frá að Gunnar Sigurðsson verði aðalmaður í stjórn næsta starfsár og Eydís Aðalbjörnsdóttir til vara.

6. Lögð fram svohljóðandi tillaga um endurskoðanda Orkuveitu Reykjavíkur:

Aðalfundur Orkuveitu Reykjavíkur haldinn þann 8. júní 2007 samþykkir að KPMG hf. endurskoðunarfyrtæki verði endurskoðandi Orkuveitu Reykjavíkur.

Samþykkt.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 13:05

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson
Páll S. Brynjarsson

Gunnar Sigurðsson